

SVAR VÍGLUNDAR ÞORSTEINSSONAR VIÐ SKÝRSLU BRYNJARS NÍELSSONAR

Í meginatriðum er skýrslan staðfesting á því sem ég hef þegar sett fram.

1. Hún staðfestir að haustið 2008 voru stofnaðir þrír ríkisbankar á grundvelli neyðarlöganna nr. 125/2008. Hún staðfestir sömuleiðis að við stofnunina voru fluttar eignir (þe. útlán gömlu bankanna) í nýja banka að undangengnu mati og niðurfærslu lána sem FME framkvæmdi.

Skýrslan áréttar að í samræmi við neyðarlögin fékk FME óháðan aðila til að yfirfara sitt mat. Var það Deloitte LLP í London sem skilaði sinni niðurstöðu í apríl 2009.

2. Í skýrslunni er hinsvegar skrautleg tilraun til lögskýringar á neyðarlögum. Skýring sem gengur út á að þar sem neyðarlögin hafi ekki bannað að ríkisstjórnin gæti samið við kröfuhafa bankanna hafi henni verið það heimilt. Sérstaklega þar sem eignarnám hafi farið fram án aðkomu eignarnámsþola eins og lesa má í skýrslunni.

3. Þessar nýstárlegu lögskýringar ganga gegn grundvelli lögmætisreglunnar að stjórvaldsávarðanir þurfi að styðjast við heimildir í lögum. Ef þessari lögskýringu væri léð loft undir vængi má segja að hún snúi lögmætisreglunni á hvolf með því að segja að allt sem ekki er bannað með beinum hætti í lögum sé framkvæmdavaldu heimilt. Með því að fallast á slíka lögskýringu væri grundvöllurinn farinn undan okkar stjórnskipan. Ráðherrar og framkvæmdavaldið gætu þá leikið lausum hala að hentugleikum.

AFDRÁTTARLAUSAR TÆMANDI HEIMILDIR

Neyðarlögin voru tæmandi um það hvernig standa skyldi að málum við stofnun nýrra banka haustið 2008 og hvaða heimildir voru færðar hverjum. Með neyðarlögnum var Fjármálaeftirlitinu fært mikið vald og minna má á að Steingrímur J. Sigfússon setti út á það í umræðum um setningu laganna og taldi það vera of víðækt. Hann vildi ef rétt er skilið aðkomu stjórnmálamanna að málínun en Alþingi varð ekki við þeirri ósk hans.

Eina valdið sem fjármálaráðherra fékk skv. neyðarlögnum var að ráðstafa fjármagni úr ríkissjóði til eiginfjármögnum hinna nýju ríkisbanka. Það er því hafið yfir allan vafa að ríkisstjórnin 2009 hafði engar lagahemildir til að taka fram fyrir hendurnar á Fjármálaeftirlitinu og stöðva það lögmæta ferli sem Fjármálaeftirlitið hóf haustið 2008.

Þegar ríkisstjórnin ákvað að hefja samninga við kröfuhafa var það í heimildarleysi, brot á lögmætisreglunni. Með því afturkallaði hún lögmætar ákvarðanir FME, braut gegn stjórnsýslulögum og almennum hegningarlögum.

SPARNAÐARAFSÖKUNIN

Annar þáttur í skýrslunni er sú afsökun Þorsteins Þorsteinssonar og Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl. að með þessum samningum hafi ríkið sparað sér verulega fjármuni. Er þá telft fram muninum á frummati FME haustið 2008 og lægri vikmörkum í mati Deloitte frá apríl 2009.

Ef ekki hefði verið gripið inn í ferlið hjá FME hefði stofnunin einfaldlega lokið sínum þætti með lögmætri viðbótarákvörðun á grundvelli neyðarlöganna til lækkunar fyrri niðurstöðu. Ég læt fylgja hér til skýringa tvær greinar sem ég birti í Morgunblaðinu í veturn.

Að halda því fram að ríkið hafi sparað sér fé er rökleysa. Ríkið sparaði ekki neitt. Það voru ríkisbankar sem áttu að gjalda í slitabú gömlu bankanna mismun eigna og skulda eftir að endanleg niðurstaða hjá FME var fengin. Sú niðurstaða hefði allt eins getað verið 700 milljörðum lægri en frummat FME eftir að niðurstaða var fenginn hjá Deloitte LLP og FME fengið að ljúka sínu verki.

Í stað jafnræðis og sanngirni í ákvörðunum FME var opnað fyrir ójafnræði og mismunun. Við þann eftirleik var réttum gögnum haldið frá dómstólum landsins. Skuldarar voru blekktir og leyndir réttri skuldastöðu. Það sem á eftir fór voru svik og blekkingar.

NIÐURSTAÐA

Við athuganir mínar og rýni þeirra gagna sem ég hef sent ykkur háttvirtir alþingismenn síðan í janúar 2014 er það niðurstaða mín að ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins frá október 2008 samanber 11. nóvember það ár séu gildar réttarheimildir um það hvað nýju bankarnir eignuðst af kröfum á sína nýju skuldara við halldlagningu krafna gömlu bankanna og yfirfærslu þeirra í þá nýju. Allt í íslenskum krónum.

Um það vitna þau gögn sem ég hef afhent. Núverandi yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins hefur staðfest áreiðanleika þeirra með því að láta að því liggja að rétt væri að kæra mig fyrir brot á bankaleynd.

TAKA ÞARF UPP DÓMSMÁL

Það er ljóst að eftirleikur sá þegar bankarnir innheimtu annað en þeir áttu kallar á aðgerðir til leiðréttинга. Í sumum tilvikum hafa dómstólar leiðrétt hlut vegna ólögmætra gengisbundinna lána en ekki í öllum. Í ýmsum tilvikum voru tjón og töp gengin fram áður og áður en til skuldaleiðréttинга núverandi ríkisstjórnar kom.

Það er rétt að hafa það skýrt að samkvæmt þeim gögnum voru engin gengislán flutt í hina nýju banka, eingöngu kröfur í íslenskum krónum sem eftir afskriftir voru færðar í stofnefnahag nýs banka þannig. Tilgangurinn var að eyða allri gengisáhættu nýju innlendu bankanna. Verðtryggð fasteignalán voru sömuleiðis afskrifuð verulega áður en þau voru færð í nýju bankana. Vegna innngripa ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur fékk FME ekki svigrum til að ljúka verkinu.

Það er skoðun mín að vegna þessa blekkingarleiks þurfi þingið að setja lög um endurupptöku mála þar sem bankar hafa innheimt umfram þær kröfur sem þeir eignuðust.

Setning þeirra laga þarf ekki að vera flókið verk, sérstaklega ef þau myndu opna samhliða fyrir leið aðila til að semja um mál að nýju áður en til endurupptöku kæmi.

Slík löggjöf væri vel fallin til sáttar í okkar þjóðfélagi sem enn er að berjast við þungar afleiðingar hrunsins þjakað af tortryggni og óvild.

Slík lagasetning væri að mínu mati í samræmi við það ákall íslenskra kjósenda um heiðarleika sem nú birtist okkur í skoðanakönnunum sem öflugur stuðningur við Pírata. Sá stuðningur er ákall um ný vinnubrögð, gagnsæi og heiðarleika.

Garðabæ 4. maí 2015

Viglundur Þorsteinssonar
